

Ritröð Guðfræðistofnunar

Leiðbeiningar til höfunda um frágang greina

Endurskoðaðar í apríl 2023

Umfang og markmið

Í *Ritröðinni* eru birtar greinar, ritdómar og fyrirlestrar á fræðasviðum guðfræði og almennra trúarbragðafræða. Einnig eru þar birtar greinar af öðrum fræðasviðum sem snerta ofangreind svið eða ritnefnd metur hverju sinni áhugaverðar. Miðað er við að greinar séu u.þ.b. 6000 orð að lengd.

Ritrýniferli

Allar innsendar greinar gangast undir nafnlausu ritrýni tveggja sérfræðinga á viðkomandi sviði. Í ljósi hennar ákveður ritnefnd hvort grein skuli tekin til birtingar en veitir höfundi að öðrum kosti rökstuðning um höfnun eða gefur ábendingar um breytingar. Höfundum ber að bregðast við ritrýni áður en til birtingar kemur.

Almennt skal vísa til heimilda og hjálpargagna í greinum sem birtar eru í *Ritröðinni*. Við frágang tilvísana skal farið að meðfylgjandi reglum *Ritradarinnar*.

Titill og undirtitill

Afmarka skal undirtitil frá (aðal)titli. Alla jafna skal forðast að nota fleiri undirtitla en einn. Í tilvísunum skal afmarka undirtitil frá aðaltitli með tvípunkti og séu undirtitlar tveir eða fleiri skal koma þankastrik milli fyrri og seinni undirtitils (-titla).

Dæmi:

Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 48/2019, bls. 25–60.

Höfundar skulu láta þýðingu titils og undirtitils á ensku fylgja með greininni (sjá um útdrátt neðar á blaðsíðunni).

Kaflar/undirkaflar

Kaflaheiti í greinunum sjálfum skulu vera **feitlettruð**. Að öllu jöfnu skulu ekki hafðir undirkaflar nema í mjög löngum greinum og þá eru undirkaflaheiti *skáletruð* (án feitleturs).

Útdráttur/abstract

Útdráttur á íslensku og ensku skal fylgja hverri grein, hvor u.þ.b. ½ til 1 bls. að lengd. Titill greinarinnar skal þýddur á ensku með útdrættinum.

Efnisorð/keywords

Efnisorð, gjarnan 6–8 talsins, á íslensku og ensku, skulu fylgja útdrættum.

Nafn höfundar

Höfundur skal merkja greinina fullu nafni sínu og geta þess við hvaða stofnun hann starfar.

Ritdómar

Í *Ritröðinni* eru birtir ritdómar bæði um innlend og erlend rit á þeim fræðasviðum sem falla undir *Ritröðina*. Í ritdómum skal koma fram sjálfstætt mat á viðkomandi verki en ekki aðeins kynning á því. Í upphafi ritdóms skal birta fullkomnar bókfræðilegar upplýsingar um rit það sem tekið er til umfjöllunar og gengið út frá eftirfarandi viðmiðum eftir því sem við á: titill rits; bindisnúmer (ef við á); upplýsingar um ritröð og hefti (ef við á); höfundur og/eða ritstjóri/sá er búið hefur til prentunar/þýðandi (eftir því sem við á); útgáfustaður: forlag, útgáfuár; fjöldi blaðsíðna. Miðað er við að ritdómar séu u.þ.b. 1000–2000 orð að lengd.

Tilvísanir

Við vísun til heimilda er notuð samsett tilvísana- og heimildaskrá. Í þessu kerfi er ekki gert ráð fyrir heimildaskrá í lokin nema í undantekningartilvikum og þá í samráði við ritstjóra. Allar bókfræðilegar upplýsingar um verkið sem vísað er í eru gefnar í númeruðum neðanmálsgreinum (þegar fyrst er minnst á verkið). Hér að neðan eru viðmiðunarreglur um algengar gerðir tilvísana, þ.m.t. vefsíður. Aðrar gerðir tilvísana og vafaatriði skal bera undir ritstjóra.

1. Þegar vísað er í bók (mónógrafi) í fyrsta sinn¹

Nafn höfundar,² *bókartitill*, útgáfustaður: forlag, útgáfuár, blaðsíða/ur sem vísað er til:

Dæmi:

Judith Butler, *Gender Trouble: Feminism and the Subversion of Identity*, London og New York: Routledge, 1990, bls. 132.

Stytt:

[Judith] Butler, *Gender Trouble*, bls. 132.

Geta skal ritraðar, ásamt ritstjóra, ef bókin er í ritröð.

Dæmi:

Eiríkur Guðmundsson, *Gefðu mér veröldina aftur: Um sjálfsævisöguleg skrif Íslendinga á átjándu og níttjándu öld með blíðsjón af hugmyndum Michels Foucault*, Studia Islandica/Íslensk fræði 55, ritstj. Vésteinn Ólason, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1998, bls. 36.

Stytt: Eiríkur Guðmundsson, *Gefðu mér veröldina aftur*, bls. 36.

Annað dæmi:

Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi 3, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 44–46.

Stytt: Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 44–46.

¹ Þegar vísað er til heimildar í annað sinn og síðar má stytta vísunina eins og sýnt er með dæmum sem merkt eru Stytt hér á eftir. Í styttingunni má fella niður skírnamöfn erlendra höfunda ef samræmis er gætt í greininni (sýnt með hornklofa í dæmum).

² Séu höfundar fleiri en þrír skal telja þá þrjá fyrstu en síðan kemur „o.fl.“ (hvort sem um bók eða grein er að ræða).

Dæmi:

L.M. Horowitz, D.L. Post, R.S. French o.fl., „The Prototype as a Construct ...“.

2. Þegar vísað er í fyrsta sinn í bók sem er í mörgum bindum

Ef bindi bókar bera öll sinn titil þarf ekki að taka fram við hvaða bindisnúmer er átt. Aftur á móti *má* gera það og þá er bindisnúmer einnig skáletrað.

Dæmi:

Guðjón Friðriksson, *Saga Jónasar frá Hriflu 2: Dómsmálaráðherrann*, Reykjavík: Iðunn, 1992, bls. 155.

Stytt: Guðjón Friðriksson, *Saga Jónasar frá Hriflu 2*, bls. 155.

Annað dæmi:

Gylfi Gröndal, *Ævidagar Tómasar Þorvaldssonar útgerðarmanns 1: Byggð bernsku minnar*, Reykjavík: Setberg, 1986, bls. 139.

Stytt: Gylfi Gröndal, *Ævidagar Tómasar Þorvaldssonar 1*, bls. 139.

Sérstök tilvik:

Safnrit með einstökum ritum Marteins Lúthers:

Marteinn Lúther, *Helgisíðir og kvöldmáltíð*, í: *Marteinn Lúther: Úrval rita 1, 1517–1523*, þýð. Gunnar Kristjánsson, Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar og Skálholtsútgáfan, 2017, bls. 361–379, hér 363.

Stytt: Marteinn Lúther, *Helgisíðir og kvöldmáltíð*, bls. 363.

Gunnar Kristjánsson, „Inngangur“, Marteinn Lúther, *Helgisíðir og kvöldmáltíð*, í: *Marteinn Lúther: Úrval rita 1, 1517–1523*, þýð. Gunnar Kristjánsson, Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar og Skálholtsútgáfan, 2017, bls. 359–360, hér 359.³

Stytt: Gunnar Kristjánsson, „Inngangur“, *Marteinn Lúther: Helgisíðir og kvöldmáltíð*, bls. 359.

Gunnar Kristjánsson, „Inngangur“, *Marteinn Lúther: Úrval rita 1, 1517–1523*, þýð. Gunnar Kristjánsson, Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar og Skálholtsútgáfan, 2017, bls. 11–29, hér 15.⁴

Stytt: Gunnar Kristjánsson, „Inngangur“, *Úrval rita 1*, bls. 15.

3. Þegar vísað er í grein/kafla í ritstýrðri bók í fyrsta sinn

Nafn höfundar, „greinartitill“, *bókartitill*, ritstj./þýð., útgáfustaður: forlag, útgáfuár, heildarblaðsíðutal greinar, blaðsíða/ur sem vísað er í.

Dæmi:

Elizabeth A. Johnson, „Losing and Finding Creation in the Christian Tradition“, *Christianity and Ecology: Seeking the Well-Being of Earth and Humans*, ritstj. Dieter T. Hessel og Rosemary Radford Ruether,⁵ Cambridge, MA: Harvard University Press, 2000, bls. 3–21, hér 13.

³ Hér er verið að vísa í innganginn að *Helgisíðir og kvöldmáltíð*. (Ætti að falla undir 3. lið en er haft hér til þæginda.)

⁴ Hér er verið að vísa í innganginn að öllu fyrra hefti safnritsins. (Ætti að falla undir 3. lið en er haft hér til þæginda.)

⁵ Á sama hátt er farið með þýðendur og þá sem unnu að útgáfunni („töku saman/ bjuggu til prentunar/sáu um útgáfuna“): þýð./útg. kemur fyrir framan nafn þeirra.

Stytt:

[Elizabeth A.] Johnson, „Losing and Finding Creation in the Christian Tradition“, bls. 13.

Annað dæmi:

Þóra Kristjánsdóttir, „Kirkjur og kirkjugripir“, Loftur Guttormsson (aðalhöfundur), *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi 3, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 199–217, hér 212–213.

Stytt: Þóra Kristjánsdóttir, „Kirkjur og kirkjugripir“, bls. 212–213.

Ef formáli/inngangur er eftir annan en höfund bókar skal setja upp þannig:

Nafn höfundar formála, „titill formála“, nafn höfundar bókar, *bókartitill*, nafn ritstjóra (ef við á), útgáfustaður: forlag, útgáfuár, heildarblaðsíðutal formála, blaðsíður sem vísað er í.

Dæmi:

Sigurbjörn Einarsson, „Ævi og störf Ágústínusar“, Ágústínus, *Játningar 1*, Lærdómsrit Bókmenntafélagsins, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006, bls. 11–27, hér 21.

Stytt: Sigurbjörn Einarsson, „Ævi og störf Ágústínusar“, bls. 21.

5. Þegar vísað er í tímaritsgrein í fyrsta sinn

Nafn höfundar, „greinartitill“, *heiti tímarits* árgangur (ef við á):hefti/útgáfuár (ekki skáletrað), heildarblaðsíðutal greinar, blaðsíða/ur sem vísað er í. Ekki er þörf á að nefna ritstjóra tímarita. Ef tímaritsgrein hefur DOI-númer (Digital Object Identifier) skal það birt og þá er ekki nauðsynlegt að geta vefslóðar (URL) eða þess hvenær greinin var sótt.

Dæmi:

Hjalti Hugason, „Félagsgjöld eða ríkisframlag? Eðli og þróun sóknargjalda“, *Ritroð Guðfræðistofnunar* 44/2017, bls. 33–57, hér 42–44, sótt 30. nóvember 2017 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2627/1418>.

Stytt: Hjalti Hugason, „Félagsgjöld eða ríkisframlag?“, bls. 42–44.

Annað dæmi:

Jan-Olav Henriksen, „Towards a Lutheran Theology of Bodily Healing“, *Ritroð Guðfræðistofnunar* 50/2020, bls. 4–14, hér 10, DOI: [10.33112/theol.50.1](https://doi.org/10.33112/theol.50.1).

Stytt:

[Jan-Olav] Henriksen, „Towards a Lutheran Theology of Bodily Healing“, bls. 10.

Annað dæmi:

Willis Jenkins, „After Lynn White: Religious Ethics and Environmental Problems“, *Journal of Religious Ethics* 37:2/2009, bls. 283–309, hér 285.

Stytt: [Willis] Jenkins, „After Lynn White“, bls. 285.

Annað dæmi:

Sigurður Steinþórsson, „Annus mirabilis: 1783 í erlendum heimildum“, *Skírnir: Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 166:vor/1992, bls. 133–155, hér 139.

Stytt: Sigurður Steinþórsson, „Annus mirabilis“, bls. 139.

Í dæminu um grein Jenkins samanstendur 37. árgangur af a.m.k. 1. og 2. hefti, sem eru að öðru leyti eins merkt, og í dæminu um greinina eftir Sigurð samanstendur 166. árg. bæði af vor- og hausthefti og því er nauðsynlegt að greina á milli.

Sé aftur á móti hvert hefti sér um númer (hlaupandi númer) og ekki vísað í árgang (heldur einungis ártal), skal sleppa því að geta um hvaða hefti (þ.e. 1 og 2) á árinu um ræðir.

Kerfið í *Ritstöð Guðfræðistofnunar* er þannig byggt upp að öll hefti eru í (hlaupandi) númeraröð og ekki er getið um árgang heldur er bara vísað í ártal. Sem dæmi má taka að árið 2018 voru tvö hefti gefin út, hvort sér um númer, þ.e. hefti 46 og 47. Þannig er ekkert hefti til í *Ritstöðinni* sem er nr. 46:1/2018 eða 46:2/2018 (né 47:2/2018) og því væri í raun villandi að skrá hefti þannig. Athugið að ártalið er ekki árgangur og heftisnúmerið vísar heldur ekki til árgangs. Heftin í *Ritstöðinni* á árinu 2018 eru því skráð 46/2018 og 47/2018.

5. Þegar vísað er í dagblöð

Nægilegt er að geta dagsetningar og blaðsíðutals.

Dæmi:

Játvarður Jökull Júlíusson, „Meira um lífsreynslu gamals kúasmala“, *Tíminn* 1. desember 1987, bls. 9.

Stytt: Játvarður Jökull Júlíusson, „Meira um lífsreynslu gamals kúasmala“, bls. 9.

6. Þegar vísað er í rafrænar heimildir, s.s. námsritgerðir

Nafn höfundar, „titill greinar“, *nafn vefsíðu* (ef við á, þá skáletrað), dagsetning/ártal greinar (ef við á), sótt (dagsetning og ártal) af <http://vefslóð>. (Blátt letur en ekki undirstrikað, punktur á eftir veffangi í svörtu og ekki undirstrikaður.)

Dæmi:

Jón Ma. Ásgeirsson: „Hvers vegna er Tómasarguðspjall ekki í Biblíunni?“, *Vísindavefurinn*, 17. mars 2003, sótt 4. desember 2020 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3248>.

Gunnar Ragnar Jónsson, „Hernaðarinngríp af mannúðarástæðum og hið réttláta stríð: Má leggja hernaðarinngríp af mannúðarástæðum við mælikvarða hins réttláta stríðs?“, *Skemman*, ritgerð til BA-prófs í guðfræði, Hugvísindasvið Háskóla Íslands, september 2010, bls. 9–12, sótt 13. desember 2019 af <https://skemman.is/bitstream/1946/6137/1/BAgrjL.pdf>.

Gunnar Kristjánsson, „Trúmaður á tímamótum“, *Kirkjan*, 30. nóvember 2011, sótt 20. febrúar 2020 af <https://kirkjan.is/kirkjan/utgafa/pistlar-og-postilla/postilla/postilla/?itemid=19c1fec3-b35d-11e7-8393-d8fc93750be7>.

Hildur Eir Bolladóttir, „Snerting á tímum kórónaveiru“, ódagsett, sótt 4. maí 2020 af <https://hildureir.is/2020/03/15/snerting-a-timum-koronaveiru/>.

7. Þegar vísað er í *Alþingistíðindi* og *Stjórnartíðindi* / lagasafn á vef Alþingis

Alþingistíðindi eru til í prentaðri útgáfu til og með 136. löggjafarþingi 2008–2009 en frá og með 137. löggjafarþingi hafa þau aðeins komið út í rafrænni útgáfu. Prentaða útgáfan er að öllu jöfnu til skönnuð á vef Alþingis (<https://www.althingi.is/thingstorf/leidbeiningar-og-yfirlit/althingistidindi/>) og er til mikilla þæginda fyrir lesendur að fá uppgefna sem nákvæmasta vefslóð og er því mælt til að höfundar láti hana fylgja vísuninni í fyrsta sinn sem vísað er í heimildina.

Alþingistíðindi A (þingskjöl)

Alþingistíðindi 1997–1998 A, bls. 745–749, sótt 5. maí 2020 af https://www.althingi.is/altext/althingistidindi/L122/122_thing_1997-1998_thingskjol.pdf.

Stytt: *Alþingistíðindi* 1997–1998 A, bls. 745–749.

Alþingistíðindi B (ræður og umræður)

Björn Bjarnason, *Alþingistíðindi* 1997–1998 B, d. 266–267, sótt 5. maí 2020 af https://www.althingi.is/altext/althingistidindi/L122/122_thing_1997-1998_umraedur.pdf.

Stytt: Björn Bjarnason, *Alþingistíðindi* 1997–1998 B, d. 266–267.

Stjórnartíðindi 1995 A-deild, bls. 658 (lög nr. 100/1995), sótt 11. nóvember 2019 af <https://www.althingi.is/altext/119/s/0143.html>.

Stytt: *Stjórnartíðindi* 1995 A-deild, bls. 658 (lög nr. 100/1995).

Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, *Alþingi*, sótt 29. apríl 2019 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>.

Stytt: Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, *Alþingi*.

8. Þegar vísað er í óbirtar heimildir

Titill heimilda sem hafa hvorki birst á prenti né í vefútgáfu skal vera með óbreyttu letri (þ.e. hvorki skáletraður, undirstrikaður né í gæsalöppum). Fylgt er upprunareglu, þ.e. fyrst skal geta skjalavörslustofnunar sé skjalið varðveitt á safni (t.d. *Þjóðskjalasafn Íslands*) og skal nafn stofnunarinnar skáletrað (og má gjarnan skammstafa það eftir fyrsta skiptið sem vísað er í stofnunina, t.d. *ÞÍ*). Síðan er skjalasafnið sem skjalið er hluti af tilgreint (t.d. Biskupsskjalasafn og má stytta það í Bps. í síðari vísunum), deildir innan þess (t.d. bréfabók, bréfasafn, fundargerðabók) og loks skjalið sjálft.

Ef um er að ræða handrit sem er ekki aðgengilegt á safni þarf að geta þess hvar það er geymt (t.d. Skrá í fórum höfundar). Sjá t.d. efst á næstu blaðsíðu.

Litið er á lokaritgerðir sem geymdar eru í *Skemmunni* (lokaverkefni frá íslenskum háskólum frá því í kringum 2010) sem birtar vefheimildir (svo framarlega sem aðgangur að þeim er ekki lokaður) og skal þá birta vefslóð (sbr. **7. Þegar vísað er í rafrænar heimildir**). Litið er á eldri lokaritgerðir sem einungis eru til í fáum eintökum á safni sem óbirtar heimildir.

Nafn höfundar og titill heimildar eru með óbreyttu letri (þ.e. án gæsalappa/skáleturs til að sýna að hún hafi hvorki birst á prenti né rafrænt), tilgreint er um hvers konar heimild ræðir og hvar hún er geymd, ártal og blaðsíðutal ef verið er að vísa í ákveðinn stað í heimildinni.

Dæmi:

Sigurvín Lárus Jónsson, James among the Classicists: Reading the Letter of James in Light of Ancient Literary Criticism, óbirt doktorsritgerð við Árósháskóla, 2019, bls. 27.

Annað dæmi:

Arnfríður Guðmundsdóttir, „Vaktu, minn Jesú, vaktu í mér...“: Kristin dulúð og sérkenni hennar. Ritgerð til cand.theol.-prófs í guðfræði, Guðfræðideild Háskóla Íslands, október 1986.

Annað dæmi:

Oloph Bexell, prófessor emeritus, tölvubréf til greinarhöfundar 30. ágúst 2019. Í fórum höfundar.

9. Þegar vísað er strax aftur í sama rit

Ef tilvísun í rit kemur í beinu framhaldi af fyrri vísun í sama rit og sömu blaðsíðu:

Sama stað.

Ef tilvísun kemur í beinu framhaldi af fyrri vísun í sama rit en aðra blaðsíðu:

Sama rit/heimild, bls. 307 o.á. (= og áfram).

10. Þegar vísað er í fleiri en eina heimild í sömu neðanmálsgrein

Þegar fleiri en einnar heimildar er getið í sömu nmgr. skal skilja á milli heimilda með semíkommu.

Dæmi:

Willis Jenkins, „After Lynn White: Religious Ethics and Environmental Problems“, *Journal of Religious Ethics*, 37:2/2009, bls. 283–309, hér 285; Judith Butler, *Gender Trouble: Feminism and the Subversion of Identity*, London og New York: Routledge, 1990, bls. 132.

Ef beggja heimilda hefur verið getið áður:

Dæmi:

[Willis] Jenkins, „After Lynn White“, bls. 285; [Judith] Butler, *Gender Trouble*, bls. 132.

Nokkur frágangatriði, stafsetning og tákn

Stafsetning

Að öllu jöfnu skal opinberum stafsetningarreglum fylgt, sjá:
<http://islenskan.is/images/ritreglur-IM-2016.pdf> eða
<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/fretatengt2016/auglysing-um-islenskar-ritreglur.pdf> og
Stafsetningarorðabókin, sem er í opnum aðgangi á snara.is.

Þó er höfundum heimilt að víkja frá þessum reglum í samráði við ritstjóra svo framarlega sem samræmis er gætt (t.d. rita *ennfremur* / *ennþá* / *framhjá* þannig þótt þessi orð séu hvert rituð í tveimur orðum skv. opinberum reglum).

Mælst er til að höfundar skrifi orðið *Biblía* með stórum staf en samsett orð með *biblú-* að fyrri lið með litlum. Á sama hátt væri ritað *Ritningin*, *Heilög ritning* og *ritningar-* (sbr. *ritningargrein*). Valfrjálst er hvort orðið *Guð/guð* er skrifað með litlum eða stórum staf svo framarlega sem samræmis er gætt innan greinar.

Mælst er til að skrifað sé *Fyrsta Mósebók* o.s.frv. (þ.e. með bókstöfum (og stórum staf), ekki tölustöfum, nema þegar skammstafað er, sjá lista aftast í skjali þessu sem er tekinn úr biblíuútgáfunni frá 2007). Mælt er með að orðin *Lúther* og *lútherstrú* séu rituð þannig.

Tilvísanir í Biblíuna og annað tengt guðfræði

Tilvísanir í Biblíuna skulu vera skv. biblíuútgáfunni 2007 (þ.m.t. skammstafanir án punkts), þ.e. ekkert bil er á milli tölu biblíurits og heitis þess og punktur er notaður til að sýna skil milli kafla og ritningargreinar: t.d. 1Mós 1.26, 28. Vísunin skal koma beint á eftir ritningargreininni en ekki í neðanmálgrein. Sjá lista yfir skammstafanir yfir bækur Biblíunnar aftast í þessu skjali.

Þegar (bein eða óbein) tilvitnun í ritningargrein Biblíunnar stendur inni í línu skal tilvísunin í versíð höfð innan sviga strax á eftir tilvitnuninni (og ekki í nmgr.) og punktur kemur aðeins á eftir sviganum (ef við á, þ.e. aðeins skal hafður einn punktur — ekki í lok tilvitnunarinnar þótt þannig sé í Biblíunni):

Dæmi:

Bein tilvitnun: „... og þú heyrðir hróp mitt“ (Jón 2.3).

Óbein tilvitnun: Loks er þess að minnast að kunnasta ræða Nýja testamentisins, og jafnframt ein kunnasta ræða allra tíma, var kennd við fjall, þ.e. fjallræða Jesú Krists (Matt 5–7).

Ef (bein) tilvitnun er hins vegar inndregin skal tilvísunin í versíð vera í sviga í línu fyrir neðan versíð en án punkts.

Dæmi:

Drottinn sendi stóran fisk og lét hann gleypa Jónas og var Jónas í kviði fisksins í þrjá daga og þrjár nætur. Úr kviði fisksins bað hann til Drottins, Guðs síns:

Í neyð minni kallaði ég til Drottins
og hann svaraði mér.
Úr djúpi heljar hrópaði ég á hjálp
og þú heyrðir hróp mitt.

(Jón 2.1–3)

Annað dæmi:

Og María sagði:
Önd mín miklar Drottin

og andi minn gleðst í Guði, frelsara mínum.
Því að hann hefur lítið til ambáttar sinnar í smæð hennar,
héðan af munu allar kynslóðir mig sæla segja.
Því að mikla hluti hefur Hinn völdugi við mig gert
og heilagt er nafn hans.

(Lúk 1.46–49)

Tölustafir og ártöl

Mælt er með því að rita lægstu tölurnar, a.m.k. frá 1–12 (einn til tólf, bæði frumtölur og raðtölur), alla jafna með bókstöfum en ekki tölustöfum. Ef brugðið er út af því skal gæta samræmis. Tilvik eins og dagsetningar eru þó undantekningar (eðlilegt er t.d. að rita *3. september* og þar þarf ekki að rita *þriðji september*). Mælt er með því að aldir séu skrifaðar með bókstöfum (t.d. *sextánda öld*; síður *16. öld*); í öllu falli ber að gæta fullsta samræmis innan greinar.

Nota skal arabískar tölur í ártölum og númerum bindis og/eða heftis. Ekki skal stytta ártöl eða blaðsíðutöl.

Dæmi: „á árunum 1939–1945“ (ekki 1939–45) og „bls. 123–147“ (ekki 123–47).

Mælt er með að konunga- og páfanúmer séu rituð með rómverskum tölum án punktis (t.d. Kristján IX, Lúðvík XIV, Jóhannes Páll II).

Erlend hugtök

Ef nauðsynlegt er talið að sýna erlent hugtak til skýringar á íslensku hugtaki þá er það gert svona:

Heimspækileg hluthyggja (e. *realism*) hefur átt undir ...

... hið eiginlega verk Guðs (lat. *opus proprium Dei*) og hið „framandi“ verk Guðs (lat. *opus alienum Dei*) ...

Þetta er sérlega æskilegt ef um nýyrðasmíð er að ræða eða lítið þekkt hugtak. Lesandinn vill oft geta glöggvað sig nánar á merkingunni með því að fletta upp erlenda heitinu.

Erlend mannanöfn

Ættarnöfn erlendra kvenna taka ekki eignarfallsendingu en karlmannsnöfn gera það svo framfarlega sem höfundurinn finnst það ekki afkáralegt. Þá er oftast sett -s bæði á skírarnafn og ættarnafn (Íslensk málnefnd mælir með því) ellegar á skírarnafn einvörðungu (síður á ættarnafn einvörðungu) en í það minnsta skal ætíð huga að samræmi. Ef ættarnafn karls stendur eitt (án skírarnafns) skal það hafa endinguna -s (brjóti það ekki í bága við smekk höfundar).

Dæmi:

Kvenmannsnöfn í ef.	svar Mary Daly við spurningunni stórkostleg frammistaða leikkonunnar Renée Falconetti leikur Elísabetar Taylor (ef menn geta hugsað sér að íslenska skírarnafnið)
Karlmannsnöfn í ef.	verk Richards Einhorns mynd Dreyers kvikmynd Ítalans Piers Paolos Pasolinis

Nánari útlistingu á flóknari atriðum og vafaatriðum er að finna á
<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=65520#>.

Mismunandi strik

Greina skal á milli tengistriks/bandstriks (-) , hálfstriks (–) og þankstriks (—).

Tengistrik (bandstrik) er notað til að sýna skiptingu orða á milli lína og til að tengja samsett orð og örnefni: Brennu-Njáll, Litlu-Reykir. Tengistrik er einnig notað í stað fyrri eða síðari liðar í samsettum orðum til að forðast endurtekningu: inn- og útborganir, norður- og austuramt. Einnig eru þau notuð til að auðkenna óaðlöguð (erlend) orð (eða orðhluta) að íslenskum orðhlutum: amish-fólkið, 68-kynslóðin, BA-próf.

Hálfstrik („n“-strik eða „til“-strik) í tölvusetningu er notað í stað forsetningarinnar *til* milli talna og þá án stafbils. (Í ritvinnsluforritinu Word fyrir PC-tölvur fæst táknið með því að styðja á Ctrl+0150. Á Apple-tölvum fæst hálfstrik með Alt+-.)

Dæmi:

- Ráðstefnan var haldin dagana 24.–25. nóvember 1962.
- Þessir atburðir gerðust í heimsstyrjöldinni síðari 1939–1945.
- Á bls. 125–132 fjallar höfundur um mannanöfn.
- Róm 8.9–11.

Þankastrik („m“-strik) er notað til að afmarka andstæður, óvænt atriði, snögg umskipti í frásögninni, innskot eða viðauka sem menn vilja leggja sérstaka áherslu á — eða eitthvað því um líkt — og er það þá skilið frá texta með einu stafbili.

Dæmi:

- Í Háskóla Íslands — og hvergi nema þar — er kennd bókasafnsfræði.
- Mér féll vel við alla nemendur mína — nema einn.
- Í Þýskalandi — og raunar í mörgum öðrum löndum — eru hálfgerðir múrar milli fræðimanna ...

Þankastrik er haft með bili báðum megin í íslensku en án bils í enskum texta. (Í ritvinnsluforritinu Word fyrir PC-tölvur fæst táknið með því að styðja á Ctrl+0151. Á Apple-tölvum fæst þankastrik með Alt+Shift+-.)

Greinaskil

Ekki skal marka greinaskil með aukalínubili heldur inndrætti (um tvö stafbil). Á eftir inndreginni tilvitnun (eða mynd) skal einungis hafa inndrátt í fyrstu línu ef um skil er að ræða í efninu (eins og við venjuleg greinaskil) — annars skal inndrætti sleppt (og að sjálfsögðu er ekkert aukalínubil haft heldur).

Gæsalappir og úrfellingarpunktar (þrír punktar)

Notaðar eru íslenskar gæsalappir (þ.e. þær fyrri („gæsalappir opnast“) eins og 99 í laginu en þær aftari („gæsalappir lokast“) eins og 66). Tvennar gæsalappir eru þannig: „,, ...““. Á undan og eftir úrfellingarpunktum (þremur punktum) eru stafbil ef næst fyrir framan þá kemur heilt orð. Stafbil er ekki haft aftan við úrfellingarpunkta ef önnur greinarmerki fara á eftir þeim.

Í beinni tilvitnun er mælt með að punktur (eða önnur greinarmerki) standi fyrir innan gæsalappirnar ef hann er fyrir hendi í því sem tekið er beint upp úr heimildinni en annars ekki.

Dæmi:

En svo segir Hjalti í grein sinni: „Gæti kirkjan vart við það unað að þeir settu henni lög (sjá fyrri grein).“

ATH. Hér er punkturinn fyrir hendi á þessum stað í heimildinni.

Annað dæmi:

En svo segir Hjalti í grein sinni: „Gæti kirkjan vart við það unað að þeir settu henni lög“.

ATH. Hér er klippt á tilvitnunina fyrir framan svigann í fyrrgreindu dæmi (þ.e. fyrir framan „(sjá fyrri grein).“) og þar með er punkturinn utan við gæsalappirnar til að koma til skila að hér vanti eitthvað aftan á setninguna.

Þessi frágangur er jafngildur eftirfarandi frágangi:

En svo segir Hjalti í grein sinni: „Gæti kirkjan vart við það unað að þeir settu henni lög ...“.

Þrír punktar eru notaðir í stað þess sem er felldur brott úr tilvitnun (sjá dæmið hér fyrir ofan þar sem felld er brott í lok setningar). Þegar hluti setningar er felldur brott í upphafi tilvitnunar eru einnig settir þrír punktar:

Dæmi:

Hjalti segir að kirkjan geti: „ ... vart við það unað að þeir settu henni lög (sjá fyrri grein).“

&

Ekki skal nota merkið & í stað *og* þegar það stendur t.d. á milli nafna höfunda eða ritstjóra en því má aftur á móti halda í heitum forlaga (ef það er þannig á titilsíðu verksins). Heiti rits skal ávallt rita eins og það er á titilsíðu (eða copyright-síðu) ritsins.

Skammstafanir á skírnarnöfnum erlendra höfunda

Ekki eru höfð bil ef mörg skírnarnöfn erlendra höfunda eru skammstöfuð.

Dæmi:

Sjá umfjöllun hjá: J.F.A. Sawyer, *The Fifth Gospel: Isaiah in the History of Christianity*, Cambridge: Cambridge University Press, 1996, bls. 59–64.

Sjá / sbr.

Þegar vísað er í heimild með *sjá* eða *sbr.* skal koma tvípunktur milli þess orðs og nafns höfundar og nafn höfundar skal vera í nefnifalli.

Dæmi:

Sjá: Þóra Kristjánsdóttir, „Kirkjur og kirkjugripir“, Loftur Guttormsson (aðalhöfundur), *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi 3, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 199–217, hér 212–213.

eða (hér stytta vísun):

Sbr.: Þóra Kristjánsdóttir, „Kirkjur og kirkjugripir“, bls. 212–213.

Nöfn útgáfustaða

Nafn útgáfustaðar skal rita samkvæmt íslenskri venju, sé hún alþekkt (t.d. *Kaupmannaböfn* en ekki *København*), og vera í þágufalli (t.d. Stokkhólmi, Árósum).

Dæmi:

Elena Namli og Carl-Henric Grenholm, *Etik*, Lundi: Studentlitteratur, 2019, bls. 39 og víðar.

Skammstafanir yfir bækur Biblíunnar

Bækur Gamla testamentisins (G.t.)

Am	Amos
Dan	Daníel
Dóm	Dómarabókin
Esk	Esekíel
Esr	Esrabók
Est	Esterarbók
Hab	Habakkuk
Hag	Haggái
Hlj	Harmljóðin
Hós	Hósea
Job	Jobsbók
Jer	Jeremía
Jes	Jesaja
Jl	Jóel
Jón	Jónas
Jós	Jósúabók
1Kon	Fyrri konungabók*
2Kon	Síðari konungabók*
1Kro	Fyrri kroníkubók*
2Kro	Síðari kroníkubók*
Ljl	Ljóðaljóðin
Mal	Malakí
Mík	Míka
1Mós	Fyrsta Mósebók*
2Mós	Önnur Mósebók*
3Mós	Þriðja Mósebók*
4Mós	Fjórhunda Mósebók*
5Mós	Fimmta Mósebók*
Nah	Nahúm
Neh	Nehemíabók
Okv	Orðskviðirnir
Ób	Óbadía
Préd	Prédikarinn
Rut	Rutarbók
Sak	Sakaría
1Sam	Fyrri Samúelsbók*
2Sam	Síðari Samúelsbók*
Sef	Sefanía
Slm	Sálmarnir

Apókrýfu bækurnar

Bar	Barúksbók
BJer	Bréf Jeremía
BMn	Bæn Manasse
Júdt	Júdítarbók
1Makk	Fyrsta Makkabeabók*
2Makk	Önnur Makkabeabók*
Sír	Síraksbók
SSal	Speki Salómons
Tob	Tóbítsbók
VDan	Viðaukar við Daníelsbók
VEst	Esterarbók (með viðaukum)

Bækur Nýja testamentisins (N.t.)

Ef	Efesusbréfið
Fil	Filippíbréfið
Fílm	Fílemonsbréfið
Gal	Galatabréfið
Heb	Hebreabréfið
Jóh	Jóhannesarguðspjall
1Jóh	Fyrsta Jóhannesarbréf*
2Jóh	Annað Jóhannesarbréf*
3Jóh	Þriðja Jóhannesarbréf*
Jak	Jakobsbréfið
Júd	Júdasarbréfið
1Kor	Fyrri Korintubríf*
2Kor	Síðara Korintubríf*
Kól	Kólossubrésið
Lúk	Lúkasarguðspjall
Matt	Matteusarguðspjall
Mrk	Markúsarguðspjall
Opb	Opinberunarbókin
1Pét	Fyrri Pétursbréf*
2Pét	Síðara Pétursbréf*
Post	Postulasagan
Róm	Rómverjabréfið
1Tím	Fyrri Tímóteusarbréf*
2Tím	Síðara Tímóteusarbréf*
Tít	Títusarbréf
1Þess	Fyrri Þessalóníkubríf*
2Þess	Síðara Þessalóníkubríf*

* Töluorðið/lýsingarorðið skal skrifa með stórum staf þegar nafnið er ritað fullum stöfum, sbr. listann hér fyrir ofan, t.d. *Síðara Þessalóníkubríf* (ekki *síðara Þessalóníkubríf*).